



Reykjavíkurborg

Opinskátt um ofbeldi



Auður Magnús Auðardóttir og Sigríður Marteinsdóttir,

Verkefnastjórar

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur</i>	2
2.	<i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	2
3.	<i>Niðurstöður</i>	3
4.	<i>Mat á verkefninu</i>	3
5.	<i>Greinargerð um notkun styrkfjár</i>	4
6.	<i>Tillögur</i>	5

1. Inngangur

Verkefnið er liður í að framfylgja aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Þar er m.a. lagt til að gerð verði tilraun í einum skóla þar sem skapað verði „það andrúmsloft að sjálfsagt sé að leita sér aðstoðar ef viðkomandi er beittur ofbeldi eða veit um einhvern sem býr við ofbeldi“. Skóla- og frístundasvið fékk þrjá starfsstaði til liðs við sig, leikskólann Gullborg, Grandaskóla og frístundaheimilið Undraland. Starfsstaðirnir eru allir staðsettir í nágrenni við hvern annan og hugmyndin var að staðirnir yrðu í nánu samstarfi með verkefnið.

Stýrihóp verkefnisins skipuðu, Inga Sigurðardóttir og Guðbjörg Edda Hermannsdóttir frá Grandaskóla, Rannveig Bjarnadóttir leikskólanum Gullborg, Steinunn Grétarsdóttir og síðar Martin Bruss Smedlund frístundaheimilinu Undralandi og Halldóra Gunnarsdóttir mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Auður Magnús Auðardóttir, fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs var verkefnastjóri verkefnisins í upphafi en síðar tóku við því hlutverki Sigríður Marteinsdóttir ásamt Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur og Huldu Valdísí Valdímarsdóttur. Að auki var stofnaður bakhópur til ráðgjafar og stuðnings en í honum sátu sérfræðingar í ofbeldismálum m.a. frá Barnahúsi, Kvænnaathvarfinu, Barnavernd og Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins er að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því. Hreinskiptin umræða um ofbeldi og afleiðingar þess sem sniðin er að þroska barna á leik- og grunnskólaaldri er skref í þá átt að draga tjöldin frá og rjúfa þögnina sem hefur umlukið ofbeldi. Ekki hefur, svo vitað sé, verið unnið sambærilegt verkefni hjá Reykjavíkurborg áður enda frekar nýtt af nálinni að ofbeldi sé rætt opinskátt við börn. Hópurinn telur að það efni sem búið hefur verið til í verkefninu og sú reynsla sem hefur skapast eigi að nýtast í áframhaldandi vinnu inni í skólum og frístundaheimilum. Verkefnið er einnig tækifæri til að efla samskiptin milli skólastiga og skóla- og frístundastarfs.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Verkþættir sem unnið var að með þeim starfsstöðum sem tóku þátt í verkefninu:

- Samræmd viðbragðsáætlun vegna gruns um ofbeldi gegn barni sett saman og kynnt starfsfólki haustið 2014.
- Fræðslufundur með öllu starfsfólki í lok september 2014. Fræðsla frá sérfræðingum um birtingamyndir ofbeldis og hlutverk skóla í því samhengi.
- Nánari fræðsla frá Björgu Guðrúnu Gísladóttur í janúar 2015.

Aðrir verkþættir:


- Hönnun veggspjalds með upplýsingum til barna um hvert þau geta leitað ef þau verða fyrir ofbeldi. Veggspjaldið var m.a. hugsað sem stuðningur fyrir starfsfólk þegar fjallað er um ofbeldi, afleiðingar þess og lausnir. Þórdís Claessen grafískur hönnuður var fengin til samstarfs.
- Prentun veggspjaldsins í 1300 eintökum.
- Kynning á verkefninu og veggspjaldinu á starfsstöðum SFS.
- Nánari útfærsla á stuðningsefni fyrir starfsfólk í anda veggspjaldsins. Útbúnar voru myndir ásamt stuðningstexta til að auðvelda starfsfólki á vettvangi að ræða opinskátt um ofbeldi.

3. Niðurstöður


Reynslan af verkefninu hefur verið góð. Starfsstaðirnir hafa allir tekið virkan þátt í þeim verkþáttum sem lýst er í kafla 2. Að auki hefur Grandaskóli markvisst notað bókina *Ofbeldi gegn börnum, hlutverk skóla* sem kom út í janúar 2014. Hópurinn safnaði saman fræðslufni sem auðveldar starfsfólki á vettvangi að ræða opinskátt um ofbeldi. Auk þess var þróað nýtt fræðslufni til notkunar fyrir starfsfólk á skóla- og frístundasviði.

4. Mat á verkefninu

Starfsfólk á starfsstöðunum þremur svaraði spurningakönnun haustið 2014 um þekkingu sína á birtingarmyndum ofbeldis og því hversu vel það treysti sér til að ræða málefnið við nemendur/börn. Spurningalistinn var lagður aftur fyrir vorið 2015 til að sjá hvort verkefnið hefði skilað sér í aukinni þekkingu starfsfólks. Það var marktækur munur á milli ára. Starfsfólk virtist þekkja betur einkenni ofbeldis og fyrstu viðbrögð ef grunur vaknar um ofbeldi, sem dæmi þekktu mun fleiri einkenni kynferðisofbeldis í könnuninni 2015 en árið áður.




Í tengslum við þróunarverkefnið var lögð áhersla á að fræða starfsfólk um einkenni og áhrif ofbeldis og árið 2015 höfðu 70% þeirra sem svöruðu könnuninni fengið slíka fræðslu.



Draga má þá ályktun að fræðslan hafi aukið meðvitund og eftir öryggi starfsfólks í því að tala opinskátt um ofbeldi í sínu starfi. Hlutfall þeirra sem sögðust hafa unnið á einhvern hátt að forvörnum gegn ofbeldi á síðustu önn hækkaði á milli ára úr 23% í 36% sem

gefur til kynna að sóknarfærin séu ennþá mörg í þessum efnum og stuðningur við starfsfólk þar lykilatriði.



Þegar spurt var um það í könnuninni hvers konar forvarnarvinna hafi farið fram var m.a. nefnd vinna með Barnasáttmálann og réttindi barna. Myndin Leyndarmálið sýnd og umræður í kjölfarið, vinna með veggspjaldið Opinskátt um ofbeldi, umræður á bekkjarfundum og ýmiss konar lífsleikniverkefni og æfingar. Þegar spurt var hvaða fræðslu starfsfólk hefði fengið á síðustu þremur árum um einkenni og/eða viðbrögð við ef grunur væri um að barn sætti ofbeldi var m.a. nefnd fræðsla frá Barnahúsi, fundir og umræður, fyrirlestur á vegum verkefnisins Opinskátt um ofbeldi og vinna á starfsdögum.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

Styrkfjárhæð var 500.000 kr. úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs en að auki hlaut verkefnið 500.000 frá mannréttindaráði borgarinnar. Jafnréttisskólinn styrkti verkefnið um 50.000 kr. en út af standa 39.901 kr. sem greitt var af fagskrifstofu leikskóla.

Kostnaðarþáttur	Upphæð
Fræðslufundur í september, veitingar, salur og fyrirlesarar	131.000
Björg Guðrún Gísladóttir 2x fræðsla	80.000
Hönnun veggspjalds	238.450
Prentun veggspjalds	140.000
Hönnun fræðsluefnis	500.451
Samtals	1.089.901

6. *Tillögur*

Það hefur komið í ljós að verkefnið skilaði árangri á þeim starfsstöðum sem tóku þátt. Starfsfólkið hefur meiri þekkingu á ofbeldi almennt og birtingarmyndum þess. Umræðan er opnari og verkferlar skýrir. Því er mikilvægt að allir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs nýti sér verkefnið til að opna umræðuna og styðja starfsfólk í að ræða opinskátt um ofbeldi.

Starfshópurinn leggur til við skóla- og frístundasvið:

- Að ábyrgðaraðili verði skipaður til þess að fylgja verkefninu eftir.
- Að verkferlar um viðbrögð vegna gruns um ofbeldi verði til á öllum starfsstöðum SFS.
- Að veggspjöld og fræðsluefni, sjá fylgiskjöl, verði aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.